

**HEILBRIGÐISNEFND**  
**HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS**  
**183. fundur – 30. september 2013**

**Fundargerð**

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 30. september 2013. Fundarstaður skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 17.00. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Tore Skjenstad og Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð.

Fundargerð 181. fundar heilbrigðisnefndar frá 26. ágúst 2013 lögð fram.

**Fundargerð 161. starfsmannafundar frá 25. september 2013**

*Starfsleyfi*

**Garðabær**

*Garðatorg 3, Garðabær – tannlæknastofa*

Lögð fram umsókn Sigurgísla Ingimarssonar, f.h Skurðtækni ehf., kt. 690403-2850 dags. 7.09.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Garðatorgi 3, Garðabæ.

Húshluti: 01 0203. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarna- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

*Hafnarfjarðarvegur 1, Garðabær - bensínstöð og verslun*

Lögð fram að nýju umsókn Arnars Franssonar f.h. Ólíuverslunar Íslands kt. 500269-3249, dags.

11.07.2013, þar sem sótt er um leyfi til að reksturs bensínstöðvar og verslunar að Hafnarfjarðarvegi 1 í

Garðabæ. Húshluti: Öll mannvirki á lóð. Endurnýjun

Frestað þar sem samþykktar teikningar liggja ekki fyrir.

*lönbúð 1, Garðabær – snyrti- og naglaskóli ATH*

Lögð fram umsókn Stellu Sigurbjörnsdóttur kt. 170676-6029 dags. 3.09.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrti- og naglaskóla að lönbúð 1, Garðabæ.

Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 1 árs þar sem úrbótum á húsnæði er ekki lokið.

*Langalína 8, Garðabær – leikskóli*

Lögð fram umsókn Ídu Jensdóttur f.h. Sjálands ehf., kt. 431203-2940, dags. 22.08.2013, þar sem sótt er um viðbót við starfsleyfi leikskólans Sjálands fyrir rekstur leikskóladeildar að Löngulínu 8, Garðabæ.

Húshluti: herbergi á 1. og 3.hæð í íþróttahúsi

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt viðbót við starfsleyfi leikskólans að Vesturbrú 7, Garðabæ.

*Strikið 3, Garðabær – fótaaðgerðastofa*

Lögð fram umsókn Hrafnhildar Hjálmarsdóttur kt. 280865-5679 f.h Fótaaðgerðastofunnar Sjálandi, dags. 2.09.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðastofu að Strikinu 3, Garðabæ.

Húshluti: rými á jarðhæð. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

*Strikið 3, Garðabær – fótaaðgerðastofa*

Lögð fram umsókn Sigríðar Kolbrúnar Guðnadóttur kt. 120967-5179 f.h Fótaaðgerðastofunnar Sjálandi, dags. 2.09.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðastofu að Strikinu 3, Garðabæ.

Húshluti: rými á jarðhæð. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

**Hafnarfjörður**

*Dalshraun 9b, Hafnarfjörður – kjötvinnsla*

Lögð fram umsókn Gunnars Þórs Gíslasonar f.h. Síld og fiskjar ehf., kt. 590298-2399 þar sem sótt er um leyfi til reksturs kjötvinnslu að Dalshrauni 9,b Hafnarfirði. Húshluti: Allt húsið. Endurnýjun. Lögð fram eftirlitsskýrsla dags. 30. apríl 2013. Frestað þar sem úttekt er ekki lokið.

*Hraunvangur 7, Hafnarfjörður – fótaaðgerðastofa*

Lögð fram umsókn Sigríð Foss f.h. Sigu Foss ehf., kt. 560197-2849, dags. 19.09.2013, þar sem sótt er um viðbót við starfsemi fótaaðgerðarstofunnar að Arnarhrauni 40, til viðbótar reksturs að Hraunvangi 7, Hafnarfirði. Húshluti: jarðhæð. Viðbót við starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða samþykkt við starfsleyfi Sigu Foss ehf.

*Helluhraun 10, Hafnarfjörður, málmsmíðaverkstæði*

Lögð fram umsókn Magnúsar Óskarssonar, f.h. Helluhrauns 10 ehf., kt. 500113-0300, dags. 20.09.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmsmíðaverkstæðis að Helluhraun 10, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

*Selhella 5, Hafnarfjörður, vatnsverksmiðja*

Lögð fram umsókn Ívars Atlasonar, f.h. B4C hf., kt. 680812-1280, dags. 10.09.2013, þar sem sótt er um leyfi til átöppunar á neysluvatni að Selhelli 5, Hafnarfirði. Húshluti: allt húsið Eigendaskipti Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

*Selhella 5, Hafnarfjörður, framleiðsla á fæðubótaefnum*

Lögð fram umsókn Sigurðar Finnssonar, f.h. Metasin ehf., kt. 540705-0380, dags. 5.09.2013, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu á fæðubótaefnum í vökvaformi að Selhelli 5, Hafnarfirði. Húshluti: 1. hæð. Ný starfsemi. Lagður fram tölvupóstur B4C hf. frá 19. september 2013 þar sem fram kemur að fyrirtækið muni nota umrætt húsnæði fyrir sína starfsemi. Frestað með vísun til liðar 1.10 um vatnsverksmiðju í húsnæðinu.

### **Kópavogur**

*Bláfjöll, Kópavogur - skíðasvæði*

Lögð fram að nýju umsókn Magnúsar Árnasonar f.h. Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins., kt. 590182-1339 dags. 19.06.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skíðasvæðis í Bláfjöllum, Kópavogi. Með umsókn fylgir greinagerð dags. 6.6.2013 ásamt fylgiskjölum;

- Upplýsingum um skíðalyftur í Bláfjöllum
- Skýrslu Ferils frá 20.10.2008, Bláfjallasvæðið, Ástandsmat á fráveitukerfi. 2. útgáfa
- Minnisblaðs Ferils, dags. 20.10.2008, þar sem fram koma viðbrögð við athugasemdum heilbrigðiseftirlits dags. 11.10.2008, vegna fundar 10.10.2008

Í Bláfjöllum eru 5 skíðaskálar og 1 vélaskemma með salernisaðstöðu auk „lyftuhúsa“ við hverja stólalyftu, stólageymsluhús auk skála gönguskíðafélags sem öll eru án salernisaðstöðu. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins fara með rekstur eins skál af þessum 5 ásamt vélaskemmum og lyftum og lyftuhúsum. Rekstaraðilar skíðaskála eru ábyrgir fyrir lagfæringum og viðhaldi á sínum skálum, rotþró og lagnakerfi fráveitu. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins er ábyrgt fyrir fráveitu frá sínum rekstri og fráveitulögn eftir rotþrær. Rekstri skíðasvæðisins fylgja tæki s.s. snjótroðarar, snjósleðar, o.þ.h. búnaður og tilheyrandi birgðaaðstaða fyrir eldsneyti.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2000-2012, er starfsemin á opnu svæði og vatnsverndarsvæði, fjarsvæði A.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt að auglýsa starfsleyfi til 4 ára.

*Bláfjallaleið, Kópavogur – ferðapjónusta*

Lögð fram umsókn Björns Ólafssonar f.h. 3H Travel ehf., kt. 600212-0790, dags. 1.09.2013, þar sem óskað er eftir leyfi fyrir móttöku ferðamanna til hellisskoðunar í Þríhnúkagíg.

Frestað og óskað frekari gagna.

Gullsmári 13, Kópavogi - fótaaðgerðarstofa

Lögð fram umsókn Kristrúnar Árnadóttur kt. 280564-3979, dags. 16.09.2003, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðarstofu að Gullsmára 13, Kópavogi. Húshluti: jarðhæð

Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að framkvæmdar verði úrbætur varðandi hreinlætisbúnað.

Hagasmári 1, Kópavogur – veitingastofa

Lögð fram umsókn Birgis Ö. Birgissonar, f.h. Joe Íslandi ehf., kt. 52062013 dags. 27.09.2013, þar sem sótt er um leyfi fyrir veitingastofu að Hagasmára 1, Kópavogi. Umsókn fylgir teikning THG Arkitekta dags. 10.09.2013. Húshluti: U-271 á annarri hæð. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Kópavogsbraut 17, Kópavogur - fangelsi

Lögð fram að nýju umsókn Guðmundar Gíslasonar f.h. Skrifstofu fangelsa á höfuðborgarsvæðinu, kt. 440189-2029, dags. 2.09.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fangelsis að Kópavogsbraut 17, Kópavogi. Húshluti: allt húsið. Endurnýjun.

Umsókn fylgir erindi Skrifstofu fangelsa á höfuðborgarsvæðinu frá 2.09.2013 þar sem óskað er undanþágu frá ákvæðum 53. gr. reglugerðar um hollustuhætti varðandi kröfu um salerni með handlaug skuli vera í hverjum klefa. Erindið var framsent Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu dags. 23.06.2011. Fyrir liggur bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu dags. 23.06.2011 þar sem fram kemur að ráðuneytið er um beiðni um undanþágu til meðferðar.

Frestað þar sem beiðni um undanþágu frá reglugerð er til afgreiðslu sbr. lið 1 2.11.

Kópavogsbraut 115, Kópavogur - veitingaverslun

Lögð fram umsókn Viktors Penalver f.h. Devi ehf., kt. 500913-0530 dags. 10.09.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingaverslunar að Kópavogsbraut 115, Kópavogi. Húshluti: allt húsið. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Nýbýlavegur 8, Kópavogur – kjötvinnsla

Lögð fram umsókn Telmu Óskar Jóhannsdóttur f.h. HJT ehf., kt. 690813-0680, dags. 10.09.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kjötvinnslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.

Húshluti: 2.hæð Dalbrekkumegin. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

Suðurlandsvegur Sandskeið, Kópavogur - svifflugvöllur

Lögð fram umsókn Kristjáns Sveinbjörnssonar f.h. Svifflugfélags Íslands., kt. 531170-0169, dags. 22.08.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs flugvallar fyrir svifflug með olútank fyrir flugvél félagsins og til snertilendinga á Sandskeiði við Bláfjallaveg, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun lóðar.

Smáratorg 3, Kópavogur - mötuneyti

Lögð fram umsókn Gunnars Jóakimssonar f.h. Arionbanka ehf., kt. 581008-0150 dags. 22.08.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs starfsmannamötuneytis að Smáratorgi 3, Kópavogi. Húshluti: jarðhæð. Ný starfsemi.

Afgreiðslu frestað og óskað teikningar að fyrirkomulagi húsnæðis.

Vallakór 4, Kópavogur - verslun

Lögð fram umsókn Kaupás ehf f.h. Krónunnar., kt 711298-2239 dags. 5.09.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar að Vallakór 4, Kópavogi.

Húshluti: 1. hæð. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

#### Umsagnir

#### Garðabær

Skólabraut 6, Garðabæ, samkomusalur, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 10.09.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fjölbrotaskólans í Garðabæ, kt. 540198-3149, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir samkomusal í flokki I að Skólabraut 6, Garðabæ.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 29.03.2004 starfsleyfi til reksturs samkomusalar skv. matvæla- og hollustuháttareglugerð. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, í flokki I, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er veitt fyrir samkomusal.”

Vesturhraun 5, Garðabær - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 10.09.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn I-Mat ehf., kt. 661009-1870, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu í flokki I að Vesturhrauni 5, Garðabæ.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 30.08.2010 starfsleyfi til reksturs veitingastaðar skv. matvæla- og hollustuháttareglugerð. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er veitt fyrir veitingastofu”

#### Hafnarfjörður

Dalshraun 13, Hafnarfjörður - veitingahús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 16.09.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Castello ehf., kt. 670409-0230, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús að Dalshrauni 13, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 7.10.2009 starfsleyfi til reksturs veitingastaðar skv. matvæla- og hollustuháttareglugerð. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er veitt fyrir veitingahús.”

Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 19.08.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kiwanisumdæmið Ísland Færeyjar kt. 640173-0179, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir umdæmisþing í Turninum Firði, Hafnarfirði þann 13.09.2013 frá kl. 20.00 – 03.00.

Jákvæð umsögn staðfest.

Flatahraun 21, Hafnarfjörður, samkomusalur, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 10.09.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Karlakórsins Þrasta, Flatahrauni 21, Hafnarfirði, kt. 650271-0179, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir samkomusal í flokki I að Flatahrauni 21, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 31.08.2009 starfsleyfi til reksturs samkomusalar skv. matvæla- og hollustuháttareglugerð. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki I, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með jákvæðri umsögn fyrir samkomusal.”

Herjólfsgata 18, Hafnarfjörður, heimagisting, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 9.09.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Þórarins Þórarinssonar, kt. 220282-3769, Herjólfsgötu 18, Hafnarfirði, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir heimagistingu í flokki I að Herjólfsgötu 18, Hafnarfirði.

Lagður fram tölvupóstur frá umsækjanda dags. 16.09.2013 um að hætt sé við starfsemi.

Hjallahraun 2, Hafnarfjörður - veitingahús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 3.09.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn KFC ehf., kt. 540198-3149, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús að Hjallahrauni 2, Hafnarfjörður.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 24.01.2000 starfsleyfi til reksturs veitingastaðar skv. matvæla- og hollustuháttareglugerð. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er veitt fyrir veitingahús.”

Kaplakriki, Hafnarfjörður – Íþróttahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 17.09.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fimleikafélags Hafnarfjarðar kt. 540169-2769, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir tónleika í Íþróttahúsinu Kaplakrika, Hafnarfirði, þann 13.09.2013 frá kl. 14.00 – 02.00.

Jákvæð umsögn staðfest.

Kaplakriki, Hafnarfjörður – Íþróttahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 3.09.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Verslunarskóla Íslands kt. 441079-0609, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir skóladansleik sem haldin verður í Íþróttahúsi Kaplakrika, Hafnarfirði þann 11.09.2013 frá kl. 22.00 – 01.00, fyrir allt að 1600 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

## Kópavogur

Hagasmári 1, Kópavogur – veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 26. september 2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Joe Ísland ehf., kt. 520613-1450, sem sækir um rekstarleyfi fyrir veitingahús í 1 flokki að Hagasmára 1 í Kópavogi.

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 30.09.2013 starfsleyfi til reksturs veitingastaðar skv. matvæla- og hollustuháttareglugerð. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007 í flokki 1. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er veitt fyrir veitingastofu.”

Kópavogsbraut 17, Kópavogur – fangelsi, beiðni um undanþágu

Lagt fram bréf Umhverfis og auðlindaráðuneytis dags. 10.09.2013 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Skrifstofu fangelsa á höfuðborgarsvæðinu frá 2. september 2013 þar sem sótt er um undanþágu frá 53. gr. reglugerðar nr. 94172002, um hollustuhætti þar sem kveðið er á um að salerni skuli vera í hverjum fangaklefa.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Jákvæð umsögn er veitt varðandi tímabundna undanþágu frá ákvæðum 53. gr. reglugerðar um hollustuhætti varðandi salerni í hverjum klefa.”

## Tóbaksleyfi

Smiðsbúð 9, Garðabæ – verslun

Lögð fram umsókn G. Arnfjörð ehf., kt. 420502-4940, dags. 2.09.2013, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í Leigunni, söluturni Smiðsbúð 9, Garðabæ.

Leyfisveiting staðfest.

Hraunvangur 7, Hafnarfirði – verslun

Lögð fram umsókn Hrafnistu ehf., kt. 491177-0129, dags. 20.08.2013, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í verslun Hrafnistu, dvalarheimili að Hraunvangi 7, Hafnarfirði.

Leyfisveiting staðfest.

Kópavogsbraut 115, Kópavogi – verslun

Lögð fram umsókn Devi ehf., kt. 500913-0530, dags. 10.09.2013, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í söluturni að Kópavogsbraut 115, Kópavogi.  
Leyfisveiting staðfest.

Vallarkór 4, Kópavogi – verslun

Lögð fram umsókn Kaupás ehf., kt. 711298-2239, dags. 5.09.2013, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í verslun Krónunnar að Vallakór 4, Kópavogi.  
Leyfisveiting staðfest.

Hagasmára 1, Kópavogi – verslun

Lögð fram umsókn S.G. veitinga ehf., kt. 410693-2599, dags. 9.09.2013, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í söluturni að Hagasmára 1, Kópavogi..  
Leyfisveiting staðfest.

Furugrund 3, Kópavogi – verslun

Lögð fram umsókn Snælandvideo ehf., kt. 681294-2879, dags. 2.09.2013, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í söluturni við Furugrund 3, Kópavogi.  
Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 16.08.2013.  
Leyfisveiting samþykkt.

Núpalind 1, Kópavogi – verslun

Lögð fram umsókn Topp 10 ehf., kt. 450100-3230, dags. 2.09.2013, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í söluturni við Núpalind 1, Kópavogi.  
Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 16.08.2013.  
Leyfisveiting samþykkt.

Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði – verslun

Lögð fram umsókn Snælandvideo ehf., kt. 681294-2879, dags. 2.09.2013, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í söluturni við Reykjavíkurveg 72, Hafnarfirði.  
Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 16.08.2013.  
Leyfisveiting samþykkt.

## **Fjárhagsáætlun 2014**

Fjárhagsáætlun og starfsáætlanir ársins 2013 ræddar. Heilbrigðisnefnd leggur til að tímagjald verði kr. 10.400 og gjaldskrá breytt í ljósi þess. Samþykkt að senda tillögu að fjárhagsáætlun og gjaldskrá til afgreiðslu sveitarstjórna.

## **Kærumál vegna útgáfu starfsleyfis til Hvamms ehf.**

Lagt fram erindi Umhverfisstofnunar dags. 17. september 2013 þar sem óskað er eftir afstöðu til erindis umhverfis- og auðlindaráðuneytis frá 17. desember 2012 varðandi umkvartanir Helgu Loftsdóttur hdl. vegna eftirlitsskyldu vegna starfsemi Hvamms ehf.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„ Í stjórnáætlun frá 11. október 2011 var vikið að ýmsum annmörkum sem taldir voru á ákvörðun vegna útgáfu á starfsleyfi frá 28. september 2011. Ráðuneytið lauk því máli með úrskurði þann 4. júlí 2012. Með erindum dags. 20. september 2012 og 25. september 2012 krefst Helga Loftsdóttir hdl. f.h. umbjóðanda sinna afhendingar gagna með vísun til 15. gr. stjórnáætlunarlaga nr. 37/1993 og 3. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996.

Heilbrigðiseftirlitið svaraði erindum Helgu Loftsdóttur hdl. með erindum dags. 21. september 2012 og 2. október 2012. Helga Loftsdóttir hdl. óskaði f.h. umbjóðanda sinna með erindi dags. 3. október 2012 til Umhverfisráðuneytis eftir endurupptöku málsins. Með erindi dags. 17. desember 2012 hafnar ráðuneytið endurupptöku og afturköllun á úrskurði.

Í ljósi framangreinds verður ekki með nokkru móti séð hvernig stjórnáætlunarmálið verði tekið upp að nýju og telur heilbrigðisnefnd að um eftirlit með starfsemi Hvamms ehf. eigi að fara samkvæmt málsmeðferðarreglum um mengunarvarnaeftirlit.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis er opinber aðili sem lýtur ákvæðum stjórnslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalaga nr. 140/2012. Heilbrigðisnefnd eru ljós ákvæði þessara laga og að þau gilda um aðgang almennings og aðila máls að gögnum sem til eru hjá stjórnvöldum. Ef slíkt gögn eru til staðar þá ber stjórnvaldi að veita aðgang að þeim, svo framarlega að slíkt sé í samræmi við lög nr. 37/1993 og 140/2012.

Í stjórnslumálinu fékk aðili aðgang að öllum þeim gögnum sem til staðar voru á þeim tíma Ekki kom til takmarkana á upplýsingarétti vegna einka- eða fjárhagsmálefna, viðskipta-hagsmuna fyrirtækja eða annarra lögaðila. Heilbrigðisnefnd hefur ekki neitað um aðgang að neinum þeim gögnum sem til staðar hafa verið hjá nefndinni.”

## Vatnsverndarsvæði

### *Framkvæmdastjórn um vatnsvernd*

Lögð fram fundargerð 100. fundar framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 3. september 2013.

### *Bókun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur*

Lagt fram erindi Reykjavíkurborgar frá 29. ágúst 2013 varðandi bókun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur frá 27. ágúst 2013 varðandi olúflutninga í Bláfjöllum o.fl.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„ Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis lýsir vilja til virks samráðs við heilbrigðisnefnd Reykjavíkur um vatnsvernd og mengunarvarnaeftirlit.”

## Umhverfisvöktun

Farið yfir framkvæmd vöktunar á umhverfisgæðum og upplýsingagjöf til almennings um niðurstöður úr mælingum.

### *1.1 Yfirborðsvatn - Vöktun vegna útivistar og verndar náttúrlegra gæða*

Nokkur hættu er á að lækir og ár sem renna um þéttbýli mengist og sama gildir um vötn og tjarnir í og við byggð. Mengandi efni geta borist í yfirborðsvatn en ekki er síður hættu á mengun vegna laskaðra fráveitna eða rangtenginga. Í verstu tilvikum er slík mengun sýnileg og til ama en í öðrum tilvikum er hún ill sjáanleg en getur verið skaðleg. Umhverfi lækja og vatna hefur útivistargildi og því mikilvægt að grípa til aðgerða ef náttúrulegt ástand er að breytast til verri vegar. Elliðavatn, Urriðavatn, efsti hluti Stórárókslækjar, Vífilsstaðavatn, efsti hluta Vífilsstaðalækjar og Ástjórn hafa verið flokkuð til að auðvelda vöktun. Reglubundnar örverumælingar fara fram samkvæmt áætlunum. Niðurstöður eru birtar jafnóðum á vef heilbrigðiseftirlitsins <http://www.heilbrigdiseftirlit.is/Umhverfi.htm>. Mælingar á næringarefnum og málmum sem fara eiga fram á árinu 2013 eru hafnar. Niðurstöður munu ekki liggja fyrir úr þeim mælingum fyrr en í byrjun næsta árs. Í tengslum við þessa vöktun hafa verið átaksverkefni við að finna rangtengingar og vinna að lagfæringum á þeim.

Mat heilbrigðisnefndar er að ástand er enn víða óviðunandi og halda verið áfram verkefnum við að finna og lagfæra rangtengingar.

### *1.2 Sjór og strendur*

Markmið er að vernda almenning og umhverfið gegn mengun af völdum skólps. Strendur og umhverfi þeirra hafa útivistargildi og því mikilvægt að grípa til aðgerða ef náttúrulegt ástand er að breytast til verri vegar. Skólpi frá Garðabæ og Kópavogi er veitt inn í skólperfi Reykjavíkur. Hafnarfjarðarbær rekur skólphreinsistöð við Hraunavík. Niðurstöður reglubundinna örverumælinga eru birtar jafnóðum á vef heilbrigðiseftirlits.

[http://www.heilbrigdiseftirlit.is/Innihald\\_heimasida/Umhverfi/Strendur/Strendur.htm](http://www.heilbrigdiseftirlit.is/Innihald_heimasida/Umhverfi/Strendur/Strendur.htm)

Mat heilbrigðisnefndar er að niðurstöður örverumælinga benda til lífillar mengunar og að fjörunnar séu hæfar til útivistar.

### *1.3 Loftgæði*

Í því skyni að vinna gegn loftmengun og skaða af hennar völdum og til að hafa eftirlit með framvindu og bættum loftgæðum ber heilbrigðisnefnd að afla upplýsinga, meta loftgæði, setja upp og reka mælistöðvar, og tryggja að upplýsingar um loftgæði séu aðgengilegar almenningi.

Mælingar á loftgæðum í umdæminu

Kópavogsbær hefur falið heilbrigðiseftirlitinu rekstur færanlegrar mælistöðvar í þessum tilgangi. Mælingar fara fram á styrk brennisteinsvetnis, brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisoxíðum og svifryki í andrúmslofti. Önnur mælistöð í umdæminu er á Hvaleyrarholti, þar sem fara fram mælingar á vegum Umhverfisstofnunar og Rio Tinto Alcan. Mældur er styrkur brennisteinsvetnis, brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisoxíða og svifryks í andrúmslofti. Rauntímamælingar eru birtar á vef heilbrigðiseftirlitsins <http://gogn.vista.is/vdv.php?p=1> . Einnig er styrkur flúors í andrúmslofti mældur í vöktunarstöðinni á Hvaleyrarholti en tækni er ekki til að birta rauntímamælingar.

[http://gogn.vista.is/vdv.php?p=0&station\\_id=-1&page\\_id=-1&direct=0](http://gogn.vista.is/vdv.php?p=0&station_id=-1&page_id=-1&direct=0)

Mat heilbrigðisnefndar er að niðurstöður gefa fyrst og fremst vísbendingar um að brennisteinsvetni frá jarðvarmavirkjunum, og staðbundin mengun í iðnarhverfi rýri loftgæði. Staðbundnar framkvæmdir, rykmengun af jarðvegi og umferð frá helstu stofnbrautum hafa áhrif í sömu átt.

Pungmálmar og brennisteinn í mosa á Íslandi 1990-2010

Kynnt hefur verið skýrsla Náttúrfræðistofnunar Íslands, apríl 2013 „Pungmálmar og brennisteinn í mosa á Íslandi 1990-2010: áhrif iðjuvera“ Unnið fyrir Rio Tinto Alcan á Íslandi hf., Norðurál ehf., Elkem Ísland ehf. og Alcoa Fjarðaál. Í skýrslunni er fjallað er um loftmengun í nálægð stóriðju og kemur í ljós að við Straumsvík hækkar iðnaðarstarfsemi austan álversins styrk flestra efna, einum þó Zn og Pb. Út frá mældum styrk voru fundin bakgrunnsgildi og reiknaðir mengunarstuðlar fyrir einstök efni á landinu. Samkvæmt þeim er mengun As og Ni vegna iðjuvera nokkur við verksmiðjurnar í Reyðarfirði og á Grundartanga en veruleg við Straumsvík. Brennisteinsmengun við iðnaðarsvæðin þrjú telst engin eða aðeins vísbending um mengun. Suðaustan við álverið í Straumsvík er styrkur Cr, Cu, Cd og Zn það hár að mengun telst veruleg. Blýmengun er þar enn hærri, eða mjög mikil. Þessi há styrkur er aðallega rakinn til iðnaðarstarfsemi austan við álverið <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2013/NI-13003.pdf> Mat heilbrigðisnefndar er að niðurstöður gefa skýrt til kynna að á iðnaðarsvæðum eigi ekki að fara fram matvælaframleiðsla eða föst búseta.

#### 1.4 Kvartanir vegna um hávaða og umferðarhávaði

Umhverfissvöktun tekur til mælinga á umhverfishávaða og úrvinnslu kvartana frá almenningi. Heilbrigðisnefndir skulu eftir þörfum framkvæmda eða láta framkvæma eftirlitsmælingar á hávaða samkvæmt reglugerð nr. 724/2008. Stöku eftirlitsmælingar á hávaða eru framkvæmdar í tengslum við kvartanir. Kvartanir um óþægindi vegna hávaða við framkvæmdir berast og verður að bregðast við þeim . Unnið hefur verið að gerð aðgerðaáætlana hjá sveitarfélögum vegna umferðarhávaða sem skila mun bættum gæðum umhverfis á næstu árum.

Mat heilbrigðisnefndar er að gera þarf kröfur um hávaðavarnir og tímatakmarkanir við verklegar framkvæmdir svo og upplýsingagjöf til nágretta þegar hávaðasamar framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

## Samráðsfundur með Rio Tinto Alcan

Lögð fram fundargerð samráðfundar Rio Tinto Alcan með Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðarsvæðis frá 26. júní 2013.

## Matvælaeftirlit

*Heilbrigðisfulltrúi segir upp starfi*

Lagður fram tölvupóstur frá Grími Ólafssyni, frá 30. september 2013 þar sem hann segir starfi sínu lausu.

Heilbrigðisnefnd þakkar Grími fyrir vel unnin störf og óskar honum góðs gengis á nýjum vettvangi.

*Starfslýsing vegna starfs við matvælaeftirlit*

*Starfslýsing lögð fram vegna matvælaeftirlits með áherslu á dreifingu matvæla og merkingar þeirra. Heilbrigðisnefnd samþykkir starfslýsinguna.*

*Samningur um framsal eftirlit*

Lögð fram drög að samningi milli Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis og Matvælastofnunar um framsal eftirlits samkvæmt 3. mgr. 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli þar sem aðilar eru sammála um að heilbrigðisnefnd framselji eftirlit til Matvælastofnunar.



### *Erindi Aðfanga*

Lagt fram erindi Aðfanga frá 17. september 2013 „um meðhöndlun ábendinga og eftirfylgni með þeim –ÍTREKUN”.

Heilbrigðisnefnd gerir eftirfarandi samþykkt:

Allir aðilar eiga að fara eftir íslenskri löggjöf. Framkomnum erindum er sinnt með vísun til matvæla- og stjórnsýslulaga.

### *Úrbótaáætlun frá Kosti lágvörverslun ehf.*

Lagt fram erindi Málflutningsstofu Reykjavíkur frá 3. september 2013 „Svar við bréfi

Heilbrigðiseftirlitsins dags. 27. ágúst 2013”.

Lagt fram afrit af erindi heilbrigðiseftirlitsins til Kosti lágvörverslunar ehf. frá 27. ágúst 2013.

Við eftirlit í dag kom í ljós að unnið er samkvæmt framlagðri úrbótaáætlun.

### *Úttektarkerfi á opinberu eftirliti*

Lagður fram til kynningar tölvupóstur Matvælastofnunar frá 25. júlí 2013 um tillögu stofnunarinnar og ráðuneytis að úttektarkerfi vegna innri úttekta á opinberu eftirliti

### *Landsskýrsla vegna matvælaeftirlits*

Lagður fram tölvupóstur Matvælastofnunar frá 27. september 2013 þar sem tilkynnt er að dagana 2. - 5. desember n.k. mun Eftirlitsstofnun EFTA koma hingað til lands vegna gerðar s.k. landsskýrslu eða ‘country profile’ (CP) fyrir Ísland. Þeir aðilar sem koma að þessu fyrir utan MAST eru Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlitssvæði, Tollstjóri, Lyfjastofnun og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

## **Skeljungur hf. endurnýjun starfsleyfis**

Lagt fram að nýju erindi Skeljungs hf. um endurnýjun starfsleyfis fyrir bensínstöð Orkunnar að Óseyrarbraut 2 í Hafnarfirði, dags. 21. júní 2013.

Lagt fram afrit af erindi heilbrigðiseftirlitsins til Umhverfisstofnunar frá 10. september 2013 þar sem óskað er túlkunar á ákvæðum reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Lagt fram erindi Umhverfisstofnunar frá 20. september 2013 um túlkun á ákvæði í 22. grein reglugerðar nr. 357/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Umhverfisstofnun metur það svo að reglugerðin heimili ekki óskilgreindan líftíma neðanjarðarolíugeyma úr stáli. Samþykkt að óska eftir úrbótaáætlun fyrirtækisins varðandi olíugeyma stöðvarinnar.

## **Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi**

Lögð fram til kynningar dagsskrá aðalfundar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi sem boðað hefur verið til þann 28. október 2013.

## **Haustfundur 2013**

Lögð fram til kynningar drög að dagsskrá haustfundar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi með Umhverfisstofnun, Matvælastofnun, Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti 29. og 30. október n.k.

## **Önnur mál**

### *Eftirlit með bifreiðaverkstæðum 2013*

Lögð fram stöðuskýrsla um reglubundið eftirlit með bifreiðaverkstæðum 2013

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:55

Margrét Halldórsdóttir

Gísli Gíslason

Steingrímur Steingrímsson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Gnýr Guðmundsson

Guðmundur Sigurðsson

Gísli Ó. Valdimarsson